

Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum lögbundinna umsagnaraðila og almennings við umhverfismatskýrslu vegna skógræktar í landi Villingavatns í Grafningi.

Hér á eftir eru viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögn Minjastofnunar Íslands sem barst framkvæmdaraðila þann 3.3.2026, 17 dögum eftir að umsagnarfrestur rann út.

Nr.	Umsögn	Svar framkvæmdaraðila
1	Minjastofnun Íslands	
1.1	<p>Minjastofnun leggur til að ekki verði plantað trjám á misstórum svæðum í kringum eftirfarandi staði:</p> <ul style="list-style-type: none">- Heimatún- Botnasel- Ingveldarsel- Selnef	<p>Framkvæmdaraðili leggur sig fram við að fara eftir gildandi lögum og reglum, þar á meðal að virða 15 m friðhelgi skráðra fornminja samkvæmt lögum um menningarminjar.</p> <p>Tillaga Minjastofnunar felur hins vegar í sér að ekki verði plantað á stærri svæðum þar sem mögulega gætu leynst fornminjar, þótt engar minjar hafi verið skráðar eða séu sýnilegar á yfirborði. Slíkar takmarkanir á landnotkun eiga sér ekki lagastoð og eru því einungis tillögur.</p> <p>Við vettvangsathuganir vegna umhverfismatsins voru þekktar minjar skráðar og tekið tillit til þeirra við skipulag framkvæmda.</p> <p>Um einstaka staði má nefna:</p> <ul style="list-style-type: none">- Heimatún<ul style="list-style-type: none">o Helstu fornminjar eru á litlu belti uppi á hæðinni meðfram vegi og núverandi bæjarstæði. Búið er að plægja og jarðvinna túnið ótal sinnum í gegnum tíðina.- Botnasel<ul style="list-style-type: none">o Grastorfa, sem umkringd er rofnu landi.- Ingveldarsel<ul style="list-style-type: none">o Mói og tjörn sem þornar á sumrin. Er umkringt háspennulínu og línuvegi Landsnets. Rofið land í kring.- Selnef<ul style="list-style-type: none">o Engar fornminjar hafa fundist eða eru sýnilegar. Skráning byggir fyrst og fremst á örnefni. <p>Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum og þeirri vettvangsrannsókn sem þegar hefur farið fram telur framkvæmdaraðili ekki tilefni til að afmarka frekari svæði frá skógrækt umfram lögbundna friðhelgi fornminja.</p>